

**3525. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
föstudaginn 27. janúar 2023 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2203254 - Fundargerðir 2022 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Fundargerðir framkvæmdaneftnar Höfða og verkfundargerðir vegna endurnýjunar.

Fundargerðirnar lagðar fram.

2. 2203037 - Mánaðaryfirlit 2022

Mánaðaryfirlit janúar - nóvember 2022.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála- og launa tekur sæti á fundinum undir þessum dagskrálið sem og undir dagskrálið nr. 3.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar Kristjönu Helgu fyrir yfirferðina.

3. 2301236 - Afskriftir vegna ársins 2022

Tillaga deildarstjóra fjármála- og launa um afskriftir krafna á árinu 2022, samtals að fjárhæð kr. 5.340.208.

Bæjarráð samþykkir tillögu deildarstjóra um afskriftir krafna 2022, samtals að fjárhæð kr. 5.340.208. Um er að ræða skuldir þar sem fyrir liggja árangurslausar innheimtuaðgerðir og skuldir fyrndar sem og skuldir vegna eignarlítilla eða eignalausra dánarbúa o.fl. Elstu skuldirmar eru frá árinu 2015.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir víkur af fundi.

4. 2301107 - Saman á Skaga 2022 Skýrsla

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir kynnir verkefnið: Saman á Skaga.

Bæjarráð þakkar Hildi Karen fyrir kynninguna á verkefni sem greinilega hefur reynst þáttakendum vel.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að fara yfir kostnaðarmat og fjárbörf verkefnisins og málið komi að nýju fyrir bæjarráð til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

5. 2211263 - Uppbygging við Jaðarsbakka

Drög að viljayfirlýsingu. Bæjarráð fól á fundi sínum þann 16. desember 2022, bæjarstjóra að vinna að gerð viljayfirlýsingar vegna hugmynda um uppbyggingu íþróttamannvirkja og heilsutengdrar ferðaþjónustu við Jaðarsbakka með fulltrúum Ísoldar fasteignafélags, Íþróttabandalagi ÍA og Knattspyrnufélagi Akraness.

Drög að viljayfirlýsingu lögð fram.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram og gert ráð fyrir að málið verði lagt fyrir á næsta fundi bæjarráðs.

Samþykkt 3:0

6. 2301102 - Lækjarflói 16 - umsókn um lóð á Grænum iðngörðum

Umsókn um lóð á Grænum iðngörðum, Lækjarflói 16.

Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi tekur sæti á fundinum undir þessum lið sem og undir dagskrálið nr. 7

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda og vísar ákvörðun um sameiningu lóða sbr. dagskrálið nr. 7. til skipulags- og umhverfisráðs.

Samþykkt: 3:0

7. 2301283 - Lækjarflói 18 - umsókn um lóð á Grænum iðngörðum

Umsókn um lóð á Grænum iðngörðum, Lækjarflói 18.

Bæjarráð samþykkir úthlutun lóðarinnar til umsækjanda og vísar ákvörðun um sameiningu lóða sbr. dagskrálið nr. 6 til skipulags- og umhverfisráðs.

Samþykkt: 3:0

Halla Marta Árnadóttir víkur af fundi.

8. 2301113 - Stillholt 16-18 - húsnaðismál

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs tekur sæti á fundinum undir þessum dagskrálið sem og undir dagskráliðum nr. 9 og nr. 10.

VLJ víkur af fundi undir þessum dagskrálið.

Farið yfir húsnaðismál við Stillholt 16-18. Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt: 2:0

VLJ tekur sæti á fundinum að nýju.

9. 2205006 - Þjónustugjaldskrá - breyting

Breyting á þjónustugjaldskrá fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að samþykkja framlagða gjaldskrá um skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld og vísa henni til bæjarstjórnar til endanlegrar afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir breytingu á gjaldskrá Akraneskaupstaðar um skipulags- og byggingarmál og vísar til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 2:0, RBS situr hjá við afgreiðslu málsins.

10. 2204169 - Skógarhverfi 3C og 5, úthlutun lóða

Úthlutun lóða í Skógarhverfi, aðferðafræði og tímasetningar úthlutunar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að hafin verði vinna við gerð skilmála og gagna fyrir úthlutun/sölu/útboð á byggingarrétti eftifarandi lóða á eftifarandi forsendum:

Skógarhverfi, áfangar 1,2,3A,3C,4 og 5:

Einbýlishús, fyrirkomulag útdráttur, þar verði auk gatnagerðargjalds lagt á sérstakt byggingarréttargjald, kr. 25.000 á hvern fermetra sem heimilt er að byggja skv. skipulagi, í samræmi við 3. mgr. 6. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022.

Annað íbúðarhúsnæði, fyrirkomulag útboð á byggingarrétti, lágmarksgjald með gatnagerðargjaldi kr. 65.824 fermetra sem heimilt er að byggja skv. skipulagi, sbr. 2. mgr. 6. gr. gjaldskrár Akraneskaupstaðar fyrir gatnagerðargjald nr. 1543/2022

Framangreindar tölur verði uppfærðar m.t.t. breytinga á byggingarvísetölu þegar úthlutun fer fram.

Tillaga að skilmálum, gögnum og tímasetningum verður lögð fyrir bæjarráð til samþykktar þegar slík gögn verða tilbúin.

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisráðs um að hafin verði vinna við gerð skilmála og gagna fyrir úthlutun/sölu/útboð á byggingarrétti.

Samþykkt 3:0

Sigurður Páll Harðarson víkur af fundi.

11. 2110009 - Innanbæjarstrætó

Áætlaður kostnaður vegna gæslu í frístundastrætó liggur fyrir en sá þáttur var ekki hluti af fyrri ákvörðun vegna málsins.

Bæjarráð samþykkir að veita viðbótarfjármagni, samtals að fjárhæð kr.

1.422.000, vegna kostnaðar við að manna gæslu í frístundastrætó á árinu 2023. Fjármagninu verður ráðstafað af liðnum 20830-4995 og fært á Þorpið, deild 06310-1691.

Bæjarráð ítrekar mikilvægi þess að ráðið verði í starfið sem fyrst.

Samþykkt 3:0

12. 2101284 - Þroskahjálp - stofnframlag

Fyrir liggur að Þroskahjálp hefur skilað inn stofnfram lagi vegna byggingar íbúðakjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi sbr. erindi félagsins þess efnis frá 9. janúar 2023.

Velferðar- og mannréttindaráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 17. janúar sl. og leggur ráðið áherslu á að uppbygging íbúðakjarna fyrir fatlað fólk haldi áfram og leggur til að skoðun fari fram á uppbyggingu fyrirhugaðra íbúðakjarna með tilliti til fjármögnumnar og lóða.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt: 3:0

13. 2301245 - Sólmundarhöfði 2 - Árnahús

Ákvörðun um framvindu málsins.

Bæjarráð ítrekar vilja sinn til endurgerðar Árnahúss í samvinnu við Minjastofnun Íslands og að framkvæmdinni verði háttarð þannig að það hindri ekki staekkunarmöguleikann fyrir Höfða, hjúkrunar og dvalarheimili. Fyrir liggja drög að kostnaðaráætlun og ljóst að verkefnið er kostnaðarsamt og mun taka einhver ár í uppbyggingu en vilji bæjarráðs er til að kannaðir verði samstarfsmöguleikar við ýmsa aðila svo sem Fjölbautarskóla Vesturlands þar sem nemendur á tréðnaðarbraut undir handleiðslu kennara gætu komið að verkefninu sem og að leitað verði samstarfs við áhugasama einstaklinga um endurbyggingu eldri húsa. Verkefnið gæti orðið nokkurs konar samfélagsverkefni, keimlíkt því sem gert var í verkefninu "karlar í skúmum" sem tekist hefur með ágætum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og heimilar nýtingu þess fjármagns til verkefnisins sem greitt var Akraneskaupstað vegna tjóns sem varð á húsinu þann 10. maí 2021 og greitt út á árinu 2022 en um var að ræða greiðslu að fjárhæð alls kr. 3.750.000.

Samþykkt 3:0

14. 2301246 - Vesturgata 62 - gamla íþróttahúsið

Ákvörðun um framvindu málsins.

Bæjarráð lýsir yfir vilja til að húsið verði selt á almennum markaði en með tilteknunum kvöðum sem m.a. varða tímalínu endurbóta, rif á viðbyggingu og hugmynda um fyrirhugaða notkun á húsinu. Afla þarf heimildar frá framkvæmdasýslu ríkisins vegna þessa en stofnunin fer með eignarhluta ríkisins í húsinu.

Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

15. 2301247 - Suðurgata 57 - gamla Landsbankahúsið

Ákvörðun um framvindu málsins.

Bæjarráð lýsir yfir vilja til að húsið verði selt á almennum markaði en samkvæmt fyrirkomulagi þar sem veitt verði tiltekið svigrúm til mats á tilboðum, út frá hugmyndum um endurbætur og framtíðarnotkun, þ.m.t. stækkunarmöguleikum, fjárhagslegri getu (vilyrði eða bindandi loforð um fjármögnun) og öðrum þáttum. Gert er ráð fyrir ítarlegri kynningu á valforsendum í aðdraganda formlegs tilboðsferlis.

Bæjarstjóra falin frekari úrvinnsla málsins.

Samþykkt 3:0

16. 2212164 - Klifurfélag, salur Smiðjuvellir 17 - samningur og starfsleyfi

Fyrir liggja drög að leigusamningi vegna aðstöðu fyrir Klifurfélagið að Smiðjuvöllum 17.

Bæjarráð samþykkir að gengið verði frá leigusamningi vegna aðstöðunnar skv. fyrilliggjandi upplýsingum frá leigusala en gert hefur verið ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun.

Bæjarráð leggur áherslu á að húsnæðið uppfylli lagaleg skilyrði varðandi brunavarnir.

Samþykkt 3:0

17. 2301276 - Innviðagjald Akraneskaupstaðar

Innviðagjald skv. gatnagerðargjaldskrá Akraneskaupstaðar.

Í gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Akraneskaupstað nr. 1543/2022, sem birt var í Stjórnartíðindum þann 29. desember 2022, kemur eftifarandi fram um innviðargjald í 4. mgr. 6. gr.:

"Þegar um er að ræða endurskipulagningu einstakra svæða skal bæjarráð leita samninga við lóðarhafa um greiðslu innviðagjalds til að standa undir auknum kostnaði sem leggst á sveitarfélagið vegna uppbyggingarinnar áður en gengið er frá skipulagsbreytingum."

Bæjarráð, með vísan til framangreinds, felur bæjarstjóra að ganga til samninga við lóðarhafa á Breið, Garðabraut 1 og Smiðjuvöllum 12-22, áður en málsmeðferð vegna skipulagsbreytinga er að fullu lokið á þessum svæðum/lóðum.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:30.

lif háruslóttir
Valgarður L. Þorsteinsson
Raunars Sæmundsson
Sævar Freyr Þórhólmur
Jónas Helgufoss